

Nr. 38.

L ö g

2.
nóvbr. um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. grein X., 49. orðist þannig:

Nesping: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla-, Ingjaldshóls- og Hellnasóknir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 39.

L ö g

2.
nóvbr.

um beitutekju.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisks-beituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða áróf, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring í hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.